

Norðurþingi 14. Nóvember 2022.

Til Skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurþings,
Byggingafulltrúa Gauks Hjartarsonar,
Sveitarstjóra Katrínar Sigurjónsdóttur.

EFNI: Svar vegna lóðaruppdráttar fyrir Árholt dags. 11.11.2022.

Í bók Karls Kristjánssonar um Sögu Húsavíkur er frá því sagt að hjónin Anna Vigfúsdóttir og Sigtryggur Sigtryggson hafi byggt Árholt og flutt inn þann 8. september 1891, með two drengi sína, þá Þórhall og Vigfús Albert. Húsið var, sem kunnugt er, byggt á suðurbakka Búðarár og í landi Húsavíkurkirkju (eða eyðihjáleigunnar Þorvaldsstaða?), en Húsavíkurjörðin (með öllum hennar hjáleigum) var eign Húsavíkurkirkju. Því eru allar líkur á að kirkjan hafi veitt leyfi fyrir byggingu á lóð úr hennar landi, þó lóðarsamningur hafi ekki fundist. Í fasteignamati, sem framkvæmt var á árunum 1916 – 1918, segir a.m.k. um Árholt, að lóð sem húsinu fylgi sé 0,40 ha. (4.000 fm) og að leiguréttur að lóðinni sé til ársins 1942. (sjá meðfylgjandi mynd) Má því leiða líkur að því, að lóðarsamningur hafi verið gerður um það leyti sem flutt var inn í húsið og þá til 50 ára, eins og tíðkaðist.

Með lögum um sölu kirkjugarða og laun sóknarpresta frá 1907 færðist eignarhald á jarðeigum kirkjunnar til svokallaðs kirkjugarðasjóðs, sem var á forræði landssjóðsins (nú nefnt ríkissjóður). Þann 12. apríl 1913 afsalaði landssjóður Húsavíkurhreppi prestsetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum, að undanskildu túni, húsum og 6 kúgildum staðarins. Túnið keypti Húsavíkurkaupstaður svo árið 1962. Ætla má að öll réttindi og skyldur sem fylgdu kirkjujörðinni, (þar með leigusamningur um Árholtslóðina) hafi fylgt með í sölunni til Húsavíkurhrepps, þó ekkert sé um það getið í framarnefndu afsali.

Húsinu og umhverfi þess hefur ætið verið vel við haldið. Það kemur fram í fasteignamatinu frá árunum 1916-1918 að lóðin sé girt (samgirðing) og hún sé „alræktuð“. Svo er enn, þó lóðin hafi nokkuð verið skert vegna vegaframkvæmda fyrir nokkrum áratugum.

Árholt hefur verið í eigu sömu ættarinnar frá því húsið var byggt 1891 eða í 131 ár. Nú fyrr á árinu, þegar verið var að ganga frá dánarbúi móður okkar Huldu Þórhallsdóttur Sigtryggssonar, kom á daginn að ekki voru til staðar skjöl um þinglýst lóðarréttindi, þrátt fyrir samning sem vænta má að gerður hafi verið árið 1891 eða 1892 og fékkst skiptagerðinni ekki þinglýst af þeim sökum. Því var þess óskað að sveitarfélagið gengi formlega frá lóðarblaði sem miðaðist við núverandi afgirta og fullræktaða lóðina í kringum húsið, enda er komin hefð á það svæði fyrir áratugum síðan. Okkur hefur nú verið send tillaga að lóðaruppdraði, dags. 11.11.22, þar sem lóðin er útmæld einungis 656,7 fm með því að skorið er af stórt svæði meðfram Búðará, einnig norðan við hús, sem er sannanlega innan afgirtrar og fullræktaðrar lóðar okkar. Á það er ekki hægt að fallast og er þess vinsamlega farið á leit að þetta verði tafarlaust lagfært þannig hægt verði að þinglýsa lóðarréttindum undir þessu friðaða og sögufræga húsi án frekar tafa.

F.h. Árholtssystkina og annarra erfingja,

Hulda Jóna Jónasdóttir
Hulda Jóna Jónasdóttir. 260758-5949

Fylgiskjal:
Útskrift úr fasteignamatsskrá frá árunum 1916-1918